Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 20.03.2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku (starfsemi á helgidögum), mál 549.**

Hinn 7. febrúar sl. lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku. Frumvarpinu var vísað til allsherjar- og menntamálanefndar að fyrstu umræðu lokinni hinn 21. febrúar sl. Nefndin setti frumvarpið í umsagnarferli hinn 27. febrúar sl. með umsagnarfresti til og með 20. mars sl.

SVÞ – samtök verslunar og þjónustu og SAF – samtök ferðaþjónustunnar (hér eftir sameiginlega nefnd samtökin) veita sameiginlega umsögn um frumvarpið. Beðist er velvirðingar á því að umsögnin er send að loknum umsagnarfresti.

Í sem allra stystu máli fagna samtökin frumvarpinu og leggja til að það verði samþykkt.

Mat samtakanna er að frumvarpið innihaldi tillögur um tímabærar breytingar sem munu draga úr hömlum á starfsemi atvinnufyrirtækja og skapa neytendum og ferðamönnum betri tækifæri til að njóta þjónustu og afþreyingar.

Virðingarfyllst,

f.h SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson